

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar Ólafs Guðmundssonar
og Ólafar Ingimundardóttur.

1. gr.

Minningarsjóður hjónanna Guðmundar Ólafs Guðmundssonar og Ólafar Ingimundardóttur er stofnaður af afkomendum þeirra hjóna.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Ólafsfirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita stuðning við góðgerðar- og menningarmálefni á Ólafsfirði sem og öll þau málefni sem til framfara og heilla geta orðið fyrir byggðarlagið og íbúa þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins kr. 800.000 er framlag sona þeirra hjóna og barnabarna.

Garðar Guðmundsson, kt. 210230-4759	kr. 300.000
Halldór Guðmundsson, kt. 160533-2269	kr. 300.000
Halldóra Garðarsdóttir, kt. 300457-4449	kr. 50.000
Guðmundur Garðarsson, kt. 170359-2679	kr. 50.000
Ólöf Garðarsdóttir, kt. 120760-5809	kr. 50.000
Hannes Garðarsson, kt. 010762-5379	kr. 50.000
Samtals	kr. 800.000

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður, þar með taldir vextir, af stofnfé sjóðsins og öðrum eignum er honum kann að áskotnast fyrir gjöf eða með öðrum hætti. Gjöfum og framlögum skal bæta við eignir sjóðsins.

Sjóðinn skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.

5. gr.

Sjóðnum skal skipuð sérstök sjóðsstjórn sem kemur saman að minnsta kosti árlega. Stjórnina geta skipað allt að fimm menn. Við stofnun sjóðsins skipa stjórnina synir þeirra Guðmundar Ólafs og Ólafar, þeir Garðar Guðmundsson og Halldór Guðmundsson. Þeir geta hvenær sem er ákveðið að bæta við stjórnarmönnum þannig að þeir verði allt að fimm og skulu þeir þá sameiginlega tilnefna nýja stjórnarmenn. Fari svo að einhver stjórnarmannanna láti af störfum skal stjórnin koma sér saman um skipan nýs stjórnarmanns.

Halda skal gjörðarbók yfir fundi stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans og hefur æðsta vald í málefnum hans.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

6. gr.

Sjóðsstjórn úthlutar að jafnaði árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal hvort heldur sem er vera heimilt að ráðstafa fjármunum beint eða til kaupa á eignum eða hlutum sem stjórn sjóðsins ráðstafar síðan í þágu málefna í samræmi við tilgang sjóðsins eins og honum er lýst í 2. gr.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Gerð ársreiknings skal lokið innan fimm mánaða frá áramótum. Reikningar skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Nafni sjóðsins og meginmarkmiðum verður ekki breytt. Þá verður sjóðurinn ekki lagður niður nema með samhljóða samþykki sjóðstjórnar. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til málefna í samræmi við megingilgang sjóðsins eins og honum er lýst í 2. gr. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um þá ráðstöfun um leið og hún tekur ákvörðun um að leggja sjóðinn niður.

Um breytingar á stofnskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu sjóðsins fer að öðru leyti að lögum.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sem og breytingum sem síðar kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. mars 2006.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.